

Stofnanasamningur

milli Félags geislafræðinga og Landspítala um forsendur röðunar starfa

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar

og Félags geislafræðinga hins vegar

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra geislafræðinga á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags geislafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggť á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggđ á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

3 Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Geislafræðingur A	070-x
Geislafræðingur B	071-x
Geislafræðingur C	081-x
Geislafræðingur D	091-x
Geislafræðingur E	111-x
Sérfræðingsstarf	xxx

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Vegna breytinga og þróunar á starfssviði geislafræðinga á Landspítala geta orðið til ný störf sem þarf að raða sérstaklega.

Vegna breytinga á starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Viðbótarnám sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 2 flokkar og 2 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki 30 ECTS einingar1 flokkur og 1 þrep

Meistarapróf1 flokkur og 2 þrep

Doktorspróf2 flokkar og 2 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að tveimur launaflokkum og tveimur álagsþrepum, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms, sbr. nánar fylgiskjal 2.

5 Vinnufyrirkomulag og vinnuframlag að næturlagi

Geislafræðingar (starfaflokkun C, D og E) sem í starfi sínu sinna verkefnum sem krefjast þess að þeir skili vinnuskyldu sinni eingöngu á dagvinnutíma fá sérstakt álag á laun sem nemur einu launaþrepri.

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur fjórum álagsþrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fimm álagsþrep.

6 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

7 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. nóvember 2018.

Reykjavík, 16.11 2018

f.h. Landspítala

Hilja Þorláksson

Sóley Stefánsdóttir

Björn Magnússon

f.h. Félags geislafræðinga

Katrín Sigurðardóttir

Steinunn Ólafsdóttir

Kúnna Adils Þryggvason

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Geislafræðingur A: Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynðs fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Geislafræðingur B: Kominn vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólk og nemendum.

Geislafræðingur C: Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Geislafræðingur D: Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólk og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

D-s er staðengill yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við deildarstjóra. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar.

D-k innleiðir nýjungrar á sínu fagsviði, er leiðandi í gæðastarfi, og ber ábyrgð á faglegrí þróun á sínu fagsviði. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um klínískra meðferð / faglega úrlausn mála.

Geislafræðingur E: Sérfræðingur í tiltekinni fræðigrein á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistarapróf. Innleiðir nýjungrar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu LSH. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/ þjónustunnar/ meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra. Stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum og innleiðir nýjungrar í meðferð/þjónustu/fagi.

Sérfræðingsstarf:

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

Viðbótarnám/-menntun – hámark 2 flokkar og 2 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum¹, á síðustu fimm árum eða styttri tíma, hækkar um einn flokk og eitt álagsþrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.
- **Meistarapróf** – Starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækki sem nemur einum launaflokki og tveimur álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýttist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launaflokka vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um eitt álagsþrep.
- **Doktorspróf** - Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur tveimur flokkum og tveimur álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýttist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna mastersprófs bætist við einn launaflokkur við það að ljúka doktorsprófi.

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annari viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til mannaúðsráðgjafa sviðs.

- a. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- c. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- e. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýttist í starfinu.

¹ Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en tveggja ECTS eininga. Tólf kennslustundir skulu metnar til tveggja eininga ef nám er ekki samfellt, en þó aldrei fleiri eininga en sem nemur tveimur einingum á viku, og lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eðs 2/3 ECTS ein.



Bókun 1

Fyrirvari

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaga BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttar var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Félag geislafræðinga samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað asturvirk leiðréttning í samræmi við þá túlkun.

Fundargerð

Samstarfsnefnd: **Félag geislafræðinga**

Eiríksgötu 5, Bókastofu, dags. 16. nóvember 2018, Fundargerð: SSS

Fundarmenn:

Frá Félagi: Gunnar Aðils Tryggvason (GAT), Katrín Sigurðardóttir (KS) og Steinunn Lindbergsdóttir (SL)

Frá LSH: Atli Atlason (AA), Elías Guðmundur Magnússon (EGM) og Sóley S Stefánsdóttir (SSS)

Nýr stofnanasamningur undirritaður , gildistími frá 1. nóvember 2018.

Aðilar eru sammála um að með undirritun þessa stofnanasamnings er úthlutun fjármagns á þrýstijöfnunarpotti skv. bókun 6 úr kjarasamningi undirrituðum 9. febrúar 2018 lokið.

I. Breytingar á samningi:

- a. Grunnröðun í starfaflokki A fer úr 6-1 í 7-0.
- b. Geislafræðingar í starfaflokkun C, D og E sem í starfi sínu sinna verkefnum sem krefjast þess að þeir skili vinnuskyldu sinni eingöngu á dagvinnutíma fá sérstakt álag á laun sem nemur einu launaþrei.

II. Afturvirkni launahækkaná

Aðilar eru sammála um að framkvæma afturvirkar launahækkanir með eftirfarandi hætti:

Launahækkan á grundvelli nýs stofnanasamnings verður gerð til þeirra sem breytingar hafa áhrif á. Útfærsla skv. stofnanasamningi verður framkvæmd með eingreiðslu sem reiknuð er fyrir hvern og einn starfsmann miðað við heildarlaun, starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu 1. janúar 2018 til og með 31. október 2018.

Eingreiðslur samkvæmt framanrituðu koma til greiðslu eigi síðar en 1. desember 2018.

III. Starfsmenn með fasta yfirvinnutíma

Starfsmenn með grunnröðun í lfl 11 og ofar sem fá hækjun á þepi á grundvelli dagvinnu og eru með fasta yfirvinnutíma munu ekki taka hækjun á heildar föstum mánaðarlaunum. Fastir yfirvinnutímar munu lækka sem nemur hækjun á röðun.

IV. Staðfesting stéttarfélags til kjara- og mannauðssýslu ríkisins



Stéttarfélag þarf að senda tilkynningu til KMR um ákvörðun félags að úthluta öllum þrýstijöfnunarpotti skv. bókun 6 kr. 5.781.915 – til Landspítala.

Fleira ekki rætt – fundi slitið

f.h. Landspítala


Gunnar Aðils Tryggvason
Sóley Stefánsdóttir

f.h. Félags geislafræðinga


Katrín Sigurðardóttir

Steinunn Lindbergsdóttir

Gunnar Aðils Tryggvason